

AUGLÝSING

um deiliskipulag í Bláskógabyggð.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 hefur sveitarstjórn Bláskógabyggðar samþykkt eftirfarandi deiliskipulagsáætlun:

Deiliskipulag, Útey 2, L167648, skilgreining svæða í frístundabyggð.

Um er að ræða deiliskipulag sem tekur til frístundasvæða F110, F111, F112 og F113. Deiliskipulagið er í samræmi við breytingu á aðalskipulagi vegna frístundasvæða innan jarðarinnar Útey 2 sem Skipulagsstofnun staðfesti 7. febrúar 2025. Innan deiliskipulagsins eru skilgreind 4 mismunandi svæði, Lyngheiði þar sem skilgreindar eru 5 lóðir, Brúsholt þar sem skilgreindar eru 6 lóðir, Bleiksholt þar sem skilgreindar eru 8 lóðir og Tjarnholt þar sem skilgreindar eru 12 lóðir. Allar lóðir skipulagsins eru skilgreindar 7.500 fm að stærð og miðast byggingarmagn innan þeirra við hámarksnýtingarhlutfall 0,03. Innan nýtingarhlutfalls er heimilt að byggja frístundahús, 40 fm gestahús og 15 fm geymslu.

Samþykkt í sveitarstjórn 11. desember 2024.

Ofangreind deiliskipulagsáætlun hefur hlotið þá meðferð sem skipulagslög mæla fyrir um og öðlast þegar gildi.

Laugarvatni, 10. febrúar 2025.

Skipulagsfulltrúi Umhverfis- og tæknisviðs uppsveita bs.,

Vigfús Þór Hróbjartsson.